

Edda Heiðrún Backmann og Helgi Skúlason í Næturgöngu.

fyndnum tilsvörum. En það er ekki nóg. Greinilegrar þreytu gætti hjá áhorfendum er líða tók á leikinn og mæddi þá smíðisgallinn sem er næsta ljós í verkinu. Í fyrsta lagi þá eru áhorfendur komnir í Gamla bíó til að sjá Bibbu (og Halldór). Þeir eru komnir til að njóta persónuleiks og þegar svo fór að aðalpersónur leiksins voru orðnar utanveltu og fengu nánast ekkert rúm til að tjá sérkenni sín, tapa nánast sínum hversdagsleik sem orðinn er fjölda áhorfenda kær, þá fóru gömlu konurnar við hlið þess sem hér ritar að tauta, nei tala hátt um að þetta væri nú betra í útvarpinu. Það er megingalli verksins. Höfundarnir gleymdu tilefninu, tveim litlum persónuleikum sem voru upphaf þess arna.


En ef þær persónur eru látnar vega allrar veraldar, orðskrípi og hortittir Bibbu látnir deyja drottni sínum í taugastrekktum ærslaleiknum, hvernig tekst þá til? Sumpart vel, sumpart miður. Þeir sem ná bestum árangri í leiknum gera sem allra minnst, eða gæta ágætlega vel að sér að halda leik sínum innan snoturlega stílfærðra marka. Bessi gengur í gegnum sýninguna á nærbuxum og gerir nánast ekkert. Hann bara er og fyrir bragðið er hann kyrr blettur í látunum sem allra augu hvíla á. Og er oft drepfyndinn á hóflegan hátt. Jóhann Sigurðsson stelur senunni gersamlega í upphafsatriði sínu og á eftir það marga fína spretti í hlutverki Dedda bróður Bibbu. Þeir leika báðir á öðrum nótum en hinir í sýningunni, trúir þeirri grunnhugsun farsans að persónurnar eru venjulegt fólk sem lendir í óvenjulegum og óviðráðanlegum kringumstæðum. Var það ekki Alec Guinnes sem lýsti því svo að við slíkar kringumstæður væri best að vera ákaflega stilltur og láta sem minnst á sér bera. Og var þá að leika í Paradísarhótelinu eftir Feydeau.

Aðrir leikendur eru á öðrum brókum: þeirra leikur er með grófu sniði, þeir verða hjól í vélvirki fléttunnar, fá lítið næði til að staðfesta persónur sínar á sviðinu, hvergi næði til að bregða fyrir sig kunnáttu sinni. Mæðulegast er þetta hjá Eddu Björgvinsdóttur sem hefur mörg fín tækifæri til að koma spakyrðum Bibbu á framfæri en verður þá fyrir atburðarásinni svo það heyrist ekki til hennar. Eddu tekst samt að brjótast í gegnum hávaðann og á marga góða brodda sem hún stingur til áhorfenda. Júlíus hefur haft það erfiða hlutverk að vera rödd skynsemi og meðalhófs í samtölum þeirra Bibbu. Hlutverk hans í leiknum er eins sniðið. Halldór er „straight man" í tveggja manna gamanleik, hér virtist hentugast og eðlilegast að efla þá þætti persónunnar og mátti sjá drög að því í leik Júlíusar. En einhvern veginn reis hann ekki undir því og varð eins og þeytispjald um sviðið. Kjartan brá sér í þrenn gervi og óx allur í ærslunum eftir því sem á leið. Bríet fékk ekkert rými í hlutverki saklausarar konu í heimsókn, Rúrik og Lilja voru infaldar og afkáralegar skrípamyndir.

Það er þannig hófleysið sem setur ljótan blett á sýninguna. Hún kemst sárasjaldan í snertingu við þetta „vandasamasta" sem leikstjórinn nefndi. Leikmynd Björns Björnssonar er hrópandi smekklaus og þannig í stíl sýningarinnar, um of – og van í senn. Leikstjórinn nefnir einnig í margnefndri leikskrá þrár sínar til að kljást við verk nokkurra meistara bókmenntasögunnar og telur þar til Tchekov og leikrit hans – „þau eru of auðveld" – og restorasjónskomedíurnar bresku. Báðar þessar deildir byggjast á makalaust stílfærðum og hófstilltum, nánast elegant leikstíl. Gaman væri að sjá Gísla Rúnar næst beygja sig undir þann aga sem þarf við sviðsetningu slíkra verka. Þau eru engum „of auðveld" svo vitnað sé til orða hans.

gaf okkur innsýn í líf ekkjunnar sem börnin voru tekin frá, hún á harma að hefna og lítur á Guðnýju sem fulltrúa sinn. Það gerir óléttа vinnukonan líka, sú sem tekur við starfi Guðnýjar á Ytri-Mýri. Það eru margar kúgaðar konur á bak við þær örfáu sem þora að rísa upp gegn kúguninni. En Sveinki niðursetningur minnir okkur á að það voru ekki bara konur sem voru kúgaðar.

Einsog alltaf þegar manni finnst eitthvað vel gert í sjónvarpi vakna óskir um meira af svo góðu. Hugsið ykkur bara allar þær sögur sem liggja óbættar hjá garði allt í kringum okkur! Alla þá lærdóma sem við gætum dregið af sögu okkar ef við fengjum hana matreidda svo lystilega í stærri og tíðari skömmtum!



Helgi Þorgils Friðjónsson: „Fæðing - Nýtt land" olíumálverk 180x200sm, 1988.



ELÍSABET JÖKULSDÓTTIR

Vinnum við stríðið!

Stríð. Gott orð. Niðrá Lækjartorgi eru tveir krimmar á menntaskólaaldri að betla fyrir bjór. Bera þess merki að hafa verið í útilegu. En búnir að týna tjaldinu. Þeir fá óblíðar viðtökur og þegar þeir halda á eftir þeim: „Lúserar!... Þið eru og verðið lúserar." Hvaða stríð ætlið þið að vinna, hugsa ég og þegi.

Nokkrum mánuðum síðar keyri ég Hverfisgötuna á þeim ruglingslega hraða, sem þar tíðkast. Á móts við strætisvagnabiðskýlið hjá Regnboganum, er kófdrukkinn maður í heiðarlegri tilraun að komast yfir götuna. Og drekkur mjólk í leiðinni. Heilan lítra. Í strætisvagnabiðskýlinu horfa fjórar persónur á manninn og mjólkina. Finnst þetta hvorki fyndið né sorglegt. Enginn reynir að hjálpa manninum yfir götuna með mjólkina. Fólkið er í öðru leikriti: Að bíða eftir strætó. En það er engill sem leiðir manninn yfir götuna og þessvegna tekst bílstjórunum og honum að komast hver hjá öðrum. Og ég keyri áfram og hugsa: Kannski get ég notað atriðið í smásögu og þessvegna má ég ekki skerast í leikinn.

Lífið verður að hafa sinn gang.

Þegar ég var blaðamaður á Þjóðviljanum var ég send útaf örkinni að spyrja spurningar dagsins. Ansi mikið mál var að finna góða spurningu. Hvað fólk hefði dreymt þá um nóttina? Hvað því fyndist um nýjustu aðgerðir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum? Oft var erfitt að fá konur til að svara. Sérstaklega ef þær voru ómálaðar. Ég fór niðrí Austurstræti, stundum á næstu bensínstöð (og tók enga stund), en svo geri ég tilraunir til að spyrja í Kringlunni. En viti menn! Fólk svaraði ekki neitandi, heyrði ekkert, sá ekkert.

Notabene, það var í allt öðru leikriti: Það var í Kringlunni. Það mátti ekki trufla það. Fólkið sveif áfram í sínum heimi. Og þarna inni voru engir „lúserar".

Nú má kannski deila um hvort sniðugt sé að eyða ævinni í að vafra um í endalausri leit að næstu óopnaðri bjórdós. En bara þetta orð: „Lúser" speglar hugsun okkar. Í allri leit okkar að tilgangi hefur enginn fundist enn. Við höfum alltaf þurft að búa hann til sjálf. Til að horfast í augu við augun í myrkrinu. Núna verðum við að eiga eitthvað. Til að mæta óvininum. Við eigum að eiga eitthvað sem eyðist. (Samt getur verið gaman að eiga augnablik sem kemur aldrei aftur.) Og þó við séum svona ljómandi frjáls og hugguleg, með prentfrelsi, tjáningarfrelsi og öll þau, þá erum við ekki frjáls af því að eiga ekki neitt. Efnahagslegar neysluvenjur eru nútímakúgun. Og það eru þessar neysluvenjur (leiðindaorð!) sem eru að fara með Jörðina (plánetuna). (Enginn veit hvert.)

Við einblínum á starfsframa, þó að sama starf felist í deildarstjórn í vopnafabrikku eða forstjórn í fyrirtæki, þarsem verkamennirnir eru allir á lúsarlúnum. Því það, að eiga „eitthvað" og vera eitthvað heitir sigurvegari („winner").

Og það er meðal annars þessvegna sem við sjáum svo sjaldan þessa svokölluðu lúsera. Því þeir eiga ekki lengur hvergi heima. Fyrst fór stórfjölskyldan í hundana (púff!), og elliheimilin fylltust af ömmum, nú eru geðsjúklingar, krimmar, rónar, fatlaðir, alþingismenn, börn og annað skrítið fólk geymt á þartilgerðum stöðum. Og það er bannað að skera sig úr nema með tilheyrandi stíl. Því það getur kostað stórfé að vera öðruvísi. Að vísu er búið að búa til rennibrautir fyrir fatlaða og gefa geðsjúklingum róandi lyf, en við vitum ekki hvernig við eigum að koma fram, ef við lendum í óvæntum og spennandi aðstæðum.

Einusinni vann ég á Kleppi og við fórum í sund. Ein konan tók alltaf niður annan hlýrann á sundbolnum í heitapottinum, og þetta stórkostlega brjóst leið út í loftið, en enginn sýndi viðbrögð nema kannski heima hjá sér á kvöldin.

Við forvitnumst og fordæmum allt sem er öðruvísi, en vitum ekki hvernig skal bregðast við. Við komum fram við fatlaðan mann eins og fatlaðan en ekki einsog manneskju. Sylvia Path lýsir því í Bell Jar, hvernig hún kappkostaði að horfa sem fastast á slys, ef þau urðu á vegi hennar, um leið og við hin sem söfnuðumst í kring, tilað horfa, skömmumst okkar fyrir það um leið og kunnum ekki einusinni hjálp í viðlögum. Sylvía vildi bara vita hvernig þetta vildi til og viðurkenndi það.

Nú finnst kannski sumum að pistillinn sé hlaupinn útum víðan völl en þá vil ég bara minna á hið dulda samhengi tilverunnar.

Ég var að velta þessu fyrir mér. Með stríðið. Að við svona gersamlega hárlaus og sólbrún og vöðvastælt, við myndum drepast í fyrsta frumskógi. Þó erum við önnum kafin að halda því fram að stríðseðlið búi í okkur og hafi m.a. yfirfærst á nautaöt og fótboltaleiki (sannfærandi kenning í ljósi síðustu úrslitaleikja). Leikum fótboltaleiki, til að fá útrás fyrir þetta göfuga stríðseðli sem bjargaði ættbálkunum frá útrýmingu (?). Ef við komumst hvorki á vígvöllinn né völlinn, þá búum við til stríð við næsta mann.

Og köllum þá sem ekkert „komast áfram" lúsera. Ég leyfi mér þó að fullyrða að margir rónar eiga aðdáun skilið fyrir þá útsjónarsemi sem hver flaska getur útheimt.

En foreldri sem hugsar um börnin sín eða fóstra sem hugsar vel um annarra manna börn eða kennari leggur á sig kennslu (þarna kom ég aðeins inná kjaramálin!), eða allt það huldufólk sem ræktar garðinn sinn, er alltsaman fólk, sem álitið er að hafi ekki komist langt. Ekki eins langt og það fólk sem fær inni á glanstímaritasíðum eða í sjónvarpinu fyrir að sigra heiminn. „Týpískt" dæmi var þegar átti að fara að gera „alþýðunni" á Íslandi skil, með því að sýna nokkrar ágætar konur sem unnu við að framleiða fiskibollur í dós, þá þurfti sjónvarpið endilega að velja til þess 1. maí.

En spurningin sem brennur á vörum okkar allra: Vinnum við stríðið...?

Og þegar við sitjum í hægindum á efsta degi, síðasti hvalurinn svamlar í baðkerinu, útfjólublair geislar ylja okkur um iljarnar, úr kvöldkyrrunni berst þessi reykmenntaða lykt sem fyllir vitin, börnin hafa sofið undarlega fast í marga daga, búið að vaska upp og henda síðustu leifunum af þessum ágæta geislavirka bútungi, sem við átum í kvöld, fuglarnir í þöglum trjánum, gínurnar ganga um beina og uppstoppuð górilla horfir á stillimyndina með okkur, þá getum við loksins sagt, getum við loksins hvíslað seigum rómi útum þanið brjóstið: „Við unnum stríðið! (Verst með skógardauðann, en) Við unnum stríðið."

... en ekki fyrr. Ekki orð.

Þögn þangað til.